

Miðvikudaginn 23. október 1996.

Nr. 386/1996.

Landvernd

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Hagkaupum hf.

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. október 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Sóknaraðili krefst einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fallist verður á það með héraðsdómara, að ágreiningsefni málsaðila eigi undir ákvæði um gerðardómsmeðferð í 7. gr. samnings sóknaraðila og Kaupmannasamtaka Íslands frá nóvember 1988. Samkvæmt því og með vísan til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 verður staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar um frávísun málsins að kröfu varnaraðila, sbr. einnig 2. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað skal vera óraskað, en sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Landvernd, greiði varnaraðila, Hagkaupum hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. október 1996.**I.**

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, birtri 30. janúar 1996, var tekið til úrskurðar 16. september sl.

Stefnandi málsins er Landvernd, kt. 640971-0459, Skólavörðustíg 25, 101 Reykjavík.

Stefndi er Hagkaup hf., kt. 671280-0169, Skeifunni 15, 108 Reykjavík.

Í málinu gerir stefnandi þá kröfu, að stefnda verði gert að greiða sér skuld, að fjárhæð 7.832.249 kr., ásamt dráttarvöxtum.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá dómi. Efnislegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður eftir mati dómsins. Til vara gerir stefndi þær dómkröfur, að kröfur stefnanda verði stórlega lækk-aðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og málið tekið til efnislegrar meðferðar. Þá er krafist málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Í nóvember 1988 var gerður samningur á milli stefnanda annars vegar og Kaupmannasamtaka Íslands hins vegar. Samkvæmt 1. gr. samningsins skulu öll verslunarfyrirtæki, sem samkomulagið tekur til, taka sérstakt gjald af hverjum burðarpoka úr plasti, sem viðskiptavinir þeirra kaupa undir varning sinn. Skyldi stefnandi sjá um innheimtu þess fjár, sem rynni til samtakanna með þessum hætti. Tilgangurinn var að bæta, fegra og græða landið, eins og það er orðað í samningi þessum.

Af hálfu kaupmannasamtakanna var ritað undir samninginn samkvæmt umboði frá tilteknum verslunareigendum, en listi yfir slíkt umboð var fylgiskjal með samningnum. Stefndi var einn þeirra aðila. Með bréfi, dags. 28. júlí 1994, sagði stefndi samningnum upp.

Eftir því sem greinir í stefnu, bárust greiðslur samkvæmt samningi þessum frá stefnda vegna aprílmánaðar 1994. Hins vegar hafi hann ekkert greitt eftir það. Stefndi hafi hins vegar haldið áfram að nota burðarpoka, merktá stefnanda.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að stefndi hafi vanefnt samninginn við stefnanda í tvennum skilningi, annars vegar með því að skila ekki stefnanda pokagjaldinu, sem þegar hafði verið innheimt af seldum burðarpokum í verslun stefnda, merktum með auðkenni stefnanda. Stefndi styður þann kröfulið upplýsingum framleiðanda pokanna um keypt magn

stefnda af burðarpokum, merktum auðkenni stefnanda, án þess að skilað hafi verið umsömdu pokagjaldi, samtals að fjárhæð 4.940.671 kr., fyrir tíma-bilið maí til september.

Hins vegar telur stefnandi sig eiga kröfu á hendur stefnda, þar sem uppsögn stefnda á samningnum hafi verið ólögmat og brot á samningi aðila. Samkvæmt 6. gr. samningsins hafi hann gilt í eitt ár í senn, en þó uppsegjan-legur með tveggja mánaða fyrirvara. Samkvæmt því hafi uppsögn stefnda ekki tekið gildi fyrr en frá og með næstu áramótum, eftir að uppsögnin fór fram. Fyrir liggi, að stefndi hafi hætt að nota burðarpoka, merkta með auð-kennum stefnanda, einhvern tíma í september 1994. Með því framferði sínu hafi stefndi brotið samningsskyldur sínar gagnvart stefnanda með ólögmat-um og bótaskyldum hætti. Af þessum sökum hafi stefnandi öðlast skaða-bótakröfu á hendur stefnda, er nemi þeirri fjárhæð, sem andvirði poka-gjalds hefði orðið, ef stefndi hefði haldið áfram notkun merktra poka, eins og samningur aðila kvað á um. Til þess að staðreyna fjárhæð tjóns stefn-anda af þessum sökum hafi stefnandi áætlað sölu burðarpoka hjá stefnda mánuðina október, nóvember og desember 1994. Samkvæmt því reiknist áætlað tjón stefnanda 2.891.578 kr.

Frávísunarkrafa stefnda byggist á því, að ef svo verði litid á, að stefndi hafi verið beinn aðili að samningi stefnanda og Kaupmannasamtaka Ís-lands, beri að leysa úr ágreiningi aðila með gerðardómi samkvæmt 7. gr. samningsins. Samningsákvæði þetta sé ótvírætt og lúti að öllum ágreiningi samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samkomulagsins. Ekki verði leyst úr fjárkröfum stefnanda öðruvísi en leysa jafnframt úr ágreiningi málsaðila um, hvort framkvæmd samkomulagsins hafi verið með þeim hætti, sem að var stefnt í upphafi, og þá, hvort samningsbrot stefnanda sé með þeim hætti, að stefnda hafi verið heimilt að rifta samningnum fyrir-varalaust. Þá beri gerðardómi jafnframt að skera úr um, með hvaða hætti beri að túlka uppsagnarákvæði samkomulags samkvæmt 6. gr. hans.

Nauðsynlegt sé í þessu sambandi að leggja áherslu á, með hvaða hætti gengið hafi verið til samstarfs um fjársöfnun þessa og hver tilgangur hennar hafi verið. Eðli þessara viðskipta verði að meta samningsbundið gerðar-dómi. Gerðardómur þurfi t. d. að taka tillit til framlags stefnanda, að fjár-hæð 5.000.000 kr., sem hann lét af höndum rakna í júlí 1994, og 3.000.000 kr. í ágúst 1995 til ræktunar Hólasands í samræmi við tilgang málsaðila um landgræðslu og náttúruvernd, eftir að ljóst var, að samstarf aðila hafði runnið út í sandinn. Þá sé það á valdi gerðardóms að skera úr um, hvort stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni, sem hljóti að vera forsenda þess, að kröf-ur hans verði teknar til greina, með tilliti til þess, að stefnanda bar, hvort eð

var, samkvæmt 5. gr. samnings aðila að láta a. m. k. helming viðtekis fjár renna áfram til landgræðslu og náttúruverndar. Krafa stefnanda sé því ekki dómtæk fyrir héraðsdómi, og beri því að vísa málinu frá samkvæmt 2. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu reisir stefnandi dómkröfur sínar á samkomulagi, dags. í nóvember 1988, milli Kaupmannasamtaka Íslands annars vegar og stefnda hins vegar. Telur hann stefnda hafa verið aðila að þessu samkomulagi. Stefndi hafi hins vegar vanefnt samninginn og auk þess brotið samnings-skyldu sína gagnvart stefnanda með ólögætum og bótaskyldum hætti.

Í 7. gr. samningsins segir svo: „Rísi ágreiningur með aðilum um túlkun eða framkvæmd samkomulags þessa, skulu þeir tilnefna sinn manninn hvor til þess að skera úr honum, svo að bindandi sé fyrir báða aðila. Komi þeir sér ekki ásamt þar um, skulu þeir sameiginlega tilnefna óvilhallan mann til setu í gerð með þeim. Komi þeir sér ekki saman um tilnefningu, skulu þeir óska tilnefningar borgardómarans í Reykjavík. Sá, sem tilnefndur er af þeim, er fyrir voru í gerð, eða af borgardómara, skal vera oddviti gerðarmanna. Skal afl atkvæða ráða úrslitum, en ef þau eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.“

Samningsákvæði þetta verður að teljast ótvíræð viljayfirlýsing þeirra aðila, sem samningurinn nær til, um það, að réttarágreiningur um tiltekin lögskipti, sem þeir hafa forræði á, skuli lagður í gerð. Niðurstaða gerðarmanna skal vera endanleg niðurstaða um það deiluefni. Þá er greint í samningnum, með hvaða hætti skuli skipa gerðardóminn.

Almenna reglan um gerðarmeðferð er sú, að allur ágreiningur um aðal-samninginn verði lagður í gerð, einnig sá, er varðar gildi samningsins.

Það er álit dómsins, að fyrir liggi ótvíræð viljayfirlýsing samningsaðila um, að túlkun og framkvæmd samkomulagsins skuli fara fram fyrir gerðardómi, þar sem samningsaðilar geti tilnefnt í dóminn til að skera úr ágreiningi, svo að bindandi sé fyrir báða aðila. Þannig undanþiggja málsaðilar sig dómssvaldi lögskipaðra dómstóla um sakarefnið. Ber að vísa máli þessu frá dómi, samanber nú 2. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

Í stefnu krefur stefndi ekki um málskostnað í kröfuflið um frávisun. Hins vegar kom slík krafa fram í seinni ræðu lögmanns stefnda við munnlegan málf lutning. Kröfu þessari var mótmælt. Telst krafa því of seint fram kom-in.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

3092

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
